

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði auglýsingar vegna innflutnings á landbúnaðarvörum nr. 483/1995.

4. gr.

Verði umsóknir um tollkvóta meiri en það sem er til úthlutunar skal leita tilboða í tollkvóta. Skulu tilboð ráða úthlutun, þó skal að lágmarki úthluta því magni sem hér greinir í eftirtöldum vöruliðum sé um það sótt:

vöruliðir	1602.10XX	800 kg
vöruliðir	1602.20XX	800 kg
vöruliðir	1602.3XXX	5.800 kg
vöruliðir	1602.4XXX	4.500 kg
vöruliðir	1602.50XX	1.600 kg
vöruliðir	1602.90XX	1.200 kg

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum á henni skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til 1. janúar 1997.

Landbúnaðarráðuneytinu, 14. júní 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um barnsburðarleyfi starfsmanna ríkisins nr. 410/1989.

1. gr.

Í 1 másl. 1. mgr. 4. gr. falla á brott orðin: „og fyrstu 2 mánuði skv. 8. gr.“

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 17. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 14. júní 1996.

Friðrik Sophusson.

Birgir Guðjónsson.